

Aðalfundur Hjálparsveitar skáta Garðabæ, 10. mars 2007 kl. 11.00, Jötun heimum við Bæjarbraut.

- Formaður HSG, Hörður Már Harðarson setur fundinn og stingur upp á Karli Rúnari Þórssyni sem fundarstjóra og Ágústi Ibsen Snorrasyni sem fundarritara. Samþykkt með lófataki.
- Karl þakkar traustið og gefur herði orðið aftur fyrir undirritun eiðstafar HSG.

Undirritun eiðstafar HSG:

Hörður Már les upp eiðstaf HSG. Þeir sem skrifa undir eru:

Ásta Þórðardóttir
Daði Snær Skúlason
Eyþór Fannberg
Sigrún Jónatansdóttir
Snorri Þórisson

Hörður býður nýja félagu velkomna og fundarstjóri hefur orðið aftur.

Karl Rúnar fundarstjóri segir alltaf gaman að sjá nýja félagu ganga inn í sveitina.

Skýrsla stjórnar og ársreikningur:

Hörður fer yfir skýrslu stjórnar. Vill síður fara í „lestrarkeppni” og stiklar því frekar á stóru í því sem hæst ber á liðnu starfsári.
Skýrsla stjórnar samþykkt með lófataki.

Ernst gjaldkeri fer yfir reikninga. Samþykktir með fyrirvara um að skoðunarmenn skrifi undir þá.

Skýrslur flokka og nefnda:

- Gísli Símonarson les skýrslu undanfara
- Ólína Einarsdóttir les skýrslu leitartækniflokks
- Elvar Jónsson les skýrslu bílaflokks, en tekur fram í byrjun að hann ætli ekki að byrja á að tuða, heldur hrósar fyrir glæsilega ársskýrslu.
- Eva Íris Eyjólfsdóttir les skýrslu sjúkraflokks.
- Björn Bergmann les skýrslu hundaflokks.
- Ólína Einarsdóttir les skýrslu birgðanefndar.
- Guðmundur Þór Birgisson les skýrslu sleðaflokks.
- Hörður Már Harðarson les skýrslur snjóbílaflokks og Nýliða II.
- Guðmundur Óli Gunnarsson les skýrslu Nýliða I.

Kaffihlé

Lagabreytingar:

Fundarstjóri kynnir fundargestum lög um lagabreytingar en þær tillögur sem liggja fyrir fundinum í dag þurfa 4/5 greiddra atkvæða til að öðlast gildi þar sem þær voru ekki lagðar fram fyrr en á fundinum.

Bergþór H. Þórðarson leggur fram tillögu um breytingu á 14. grein og Ágúst I. Snorrason leggur fram tillögu um breytingar á 8. og 14. grein auk viðbótar við 14. grein(sjá lög HSG og fylgiskjöl).

- Tillaga Bergþórs um breytingu á 14. grein – Samþykkt
- Tillaga Ágústs um breytingu á 8. grein – Felld
- Tillaga Ágústs um breytingu á 14. grein:
 - Ákveðið að fella út úr tillögunni breytingu á lögum um endurkjör stjórnarmanna.
 - Breyting á lögum um lögmati stjórnarfundar – Samþykkt
 - Breyting á lögum um fundargerðir og birtingu þeirra – Samþykkt
 - Viðbót við 14. grein varðandi umboð stjórnar til kaupa á farartækjum og fasteignum. – Felld.

Í framhaldi leggur Bergþór fram til samþykktar reglugerð um laganefnd. – Samþykkt.

Kosning stjórnar og fastanefnda:

Fundarstjóri biður formann uppstillingarnefndar að gera grein fyrir tillögu nefndarinnar. Bergþór les upp tillögu uppstillingarnefndar.

Fundarstjóri tekur við og gengið er til kosninga.

Formaður HSG:	Hörður Már Harðarson gefur kost á sér. Samþykkt með lófataki.
Varaformaður:	Elvar Jónsson gefur kost á sér. Samþykkt með lófataki.
Meðstjórnandi:	Daníel Karlsson gefur kost á sér. Samþykkt með lófataki.
Ritari:	Þrír gefa kost á sér: Daníel Sigurður Eðvaldsson Hrafnhildur Sigurðardóttir Þröstur Hlynsson Atkvæði féllu á þennan veg: Daníel – 1 atkvæði Hrafnhildur – 23 atkvæði Þröstur – 8 atkvæði Auðir seðlar – 1
Gjaldkeri:	Hrafnhildur Sigurðardóttir er því réttkjörinn ritari HSG. Viðar Einarsson gefur kost á sér. Samþykkt með lófataki.

Stjórn HSG starfsárið 2007-2008 verður því skipuð Herði Má Harðarsyni, Elvari Jónssyni, Daníel Karlssyni, Hrafnhildi Sigurðardóttur og Viðari Einarssyni.

Varastjórn: Tillaga uppstillingarnefndar um Ágúst Ibsen Snorrason og Henry A. Hálfansson. Auk þess gefa kost á sér Erla Birna Birgisdóttir og Bergþór H. Þórðarson.

Atkvæði féllu á þennan veg:

Ágúst – 16 atkvæði
Bergþór – 2 atkvæði
Erla – 26 atkvæði
Henry – 20 atkvæði

Varastjórn HSG starfsárið 2007-2008 verður því skipuð Erlu Birnu Birgisdóttur og Henry A. Hálfanssoni.

Flugeldanefnd: Jakob Guðnason og Óskar S. Erlendsson gefa kost á sér. Samþykkt með lófataki.

Uppstillingarnefnd: Tillaga uppstillingarnefndar um Ólínu Einarsdóttur, Pál Viggósson og Sigrúnu Jóhannesdóttur. Auk þess gefur Guðmundur Óli Gunnarsson kost á sér.

Atkvæði féllu á þennan veg:

Guðmundur – 24 atkvæði
Ólína – 17 atkvæði
Páll – 30 atkvæði
Sigrún – 18 atkvæði
Auðir seðlar – 2

Uppstillingarnefnd HSG starfsárið 2007-2008 verður því skipuð Guðmundi Óla Gunnarssyni, Páli Viggóssyni og Sigrúnu Jóhannesdóttur.

Skoðunarmenn reikninga: Lárus Frans Guðmundsson og Ernst Guðjón Backman gefa kost á sér. Samþykkt með lófataki.

Skoðunarmaður til vara: Helgi Jónsson gefur kost á sér. Samþykkt með lófataki.

Húsnefnd: Bergþór Heimir Þórðarson og Daníel Sigurður Eðvaldsson gefa kost á sér. Samþykkt með lófataki.

- Skemmtinefnd:** Daníel S. Eðvaldsson, Jakob Guðnason og Ásta Þórðardóttir gefa kost á sér.
Samþykkt með lófataki.
- Birgðanefnd:** Ágúst Þór Gunnlaugsson, Henry A. Hálfansson og Ólína Einarsdóttir gefa kost á sér.
Samþykkt með lófataki.
- Laganefnd:** Tillaga uppstillingarnefndar um Ágúst Ibsen Snorrason og Bergþór Heimi Þórðarson. Auk þess gefur Þröstur Hlynsson kost á sér.

Atkvæði féllu á þennan veg:

- Ágúst – 24 atkvæði
- Bergþór – 9 atkvæði
- Þröstur – 21 atkvæði
- Auðir seðlar – 6
- Ógildir seðlar – 1

Laganefnd HSG starfsárið 2007-2008 verður því skipuð Ágústi Ibsen Snorrasyni og Presti Hlynssyni auk ritara HSG.

Önnur mál:

- Hörður Már formaður fær orðið. Þakkar traustið. Kveður fráfarandi stjórnarmenn, Guðmund, Ernst og Ágúst, með söknuði og færir þeim gjafir frá sveitinni. Hlakkar til að takast á við nýtt starfsár og vill leggja skýrari línur varðandi sérstöðu okkar.
- Ný stjórn tekur við.
- Guðmundur Óli fær orðið. Þakkar kærlega fyrir sig og stjórnarmönnum fyrir samstarfið. Kynnir hugmyndir um samstarf við Björgunarsveitina Stefán á Mývatni. Mestmegnis samstarf í tækjaflokkum auk þess sem okkar nýliðanámskeið verða opin þeim. Sleðaflokkar sveitanna munu væntanlega keyra saman á Landsæfingunni. Þröstur Hlynsson spyr hversu margir séu í þessari sveit en Guðmundur hefur ekki tölu á því. Þó er þessi sveit nokkuð fjölmenn miðað við stærð.
- Ágúst Ibsen fær orðið og þakkar fyrir sig. Hvetur sveitarmeðlimi til frekari dáða og segir að leiðin stefni aðeins upp á við.
- Ásta spyr úr sæti sínu hvort pantaðir verði fleiri gallar. Verður skoðað síðar.
- Daníel K. fær orðið og tilkynnir að kerrurnar séu að verða klárar.
- Helgi Jónsson fær orðið og biður fundargesti að svara fyrir sig könnun +i sambandi við verkefni sem hann er að vinna um sjálfböðastörf.
- Ólína fær orðið og minnir á árshátíð HSG síðar í kvöld.

Karl fundarstjóri þakkar fundarritara góð störf og gefur Herði Má formanni orðið.

Hörður þakkar fyrir góðan og gagnlegan fund. Höldum áfram á beinu brautinni.

Fundi slitið kl. 14.40

Undirritað,
Ágúst I. Snorrason
Fundarritari.